

LISTIR

Manitoba-búar færðu Íslendingum tuttugu málverk að gjöf

Minningar um ey

FORSÆTISRÁÐHERRA Manitoba, Gary Doer, færði Íslendingum 20 málverk eftir G.N. Louise Jonasson að gjöf við opnun sýningar á verkum hennar á Kjarvalsstöðum 27. ágúst sl. Verkin mynda röð sem kallast „Island souvenir“ eða minningar um ey“, sem jafnframt er heiti sýningarinnar.

Gilda Nadia Louise Jonasson er af íslensku bergi brotin í föðurætt en af úkraínsku í móðurætt, dóttir dr. Harold David Jonasson og Nadia Novak Jonasson. Fyrir utan listsköpun sína hefur hún komið að ýmsum störfum, tengdum listum, í Manitoba. Hún hefur verið listaritstjóri bókmennatímarsins „Prairie Fire“ síðan 1986, unnið á listabókasafni, haldið fyrirlestra og setið í dómnefndum, svo fátt eitt sé nefnt. Þrátt fyrir að Louise hafi ekki komið til Íslands fyrr, þá sést þegar á myndum hennar að hún hefur orðið fyrir áhrifum af Íslandi, og þó að hún hafi haft eyjar almennt í huga, er hún vann að „Minningar um ey“ (verkið kallast „Island souvenir“ en ekki „Iceland souvenir“), þá eru spor íslensks veruleika í verkum hennar Íslendingnum augljós við fyrstu sýn. Louise segir að það sé sér mikill heiður og einstakt tækifæri að geta sýnt verk sín í heimalandi forfedra sinna. Það geri þetta enn áhrifameira, að það sé ekki fyrir hennar eigin forgöngu.

Hún segir, að það sé væntanlega nánast óhjákvæmilegt að hún hafi haft Ísland á einhverjum hátt í huga á meðan hún gerði myndirnar, jafnvel ómeðvitað, þar sem hún væri að hálfu íslensk, og mætti ekki vanmeta áhrif bókmennningar. En meginhugmyndin, sem hún hafi gengið út frá, hafi verið hugmyndin um einsemd eyja almennt séð, hvernig eyjan myndar sjálfstæða heild, til dæmis þegar hluti af meginlandi brotnar frá því og verður við það ein sjálfstæð heild, sem hefur gildi og er áhugaverð í sjálfri sér. Nafnið „Minningar um ey“ er, að sögn Louise, meðal annars komið til af því, að verkið „Island“ eða „Ey“, sem einnig er á sýningunni, sé nokkurs konar listrænn undanfari þessa verks. Grunnurinn í „Minningar um ey“ sé þar fyrir utan fimm myndir, sem virkuðu eins og „loftmyndir af eyjum, myndir, sem

Listamaðurinn G.N. Louise Jonasson er íslensk í aðra ættina. Stjórnvöld í Manitoba ákváðu að gefa íslensku þjóðinni 20 myndverk eftir hana á dögnum. Jón Ásgeir Sigurvins-son spallaði við Louise og fræddist um listaverkin sem þjóðinni áskotnuðust.



Morgunblaðið/Jim Smart

G.N. Louise Jonasson við eitt verka sinna.

minnkuðu eitthvað stórt, eða ófugt, stækkuðu eitthvað örmátt“. Louise skipti síðan hverri mynd í fjóra hluta. Afaksturinn varð 20 myndir, sem hver sýnir fjórðung af eyju. Hverja þessara mynda setti Louise síðan á víðargrunn, sem er útskorinn og mál- aður og myndar eins og ramma um málverksfjórðunginn á tvo vegu. Auk þessa segist Louise alltaf mála eftir minni, hún taki til dæmis aldrei ljósmyndir af hlutum og máli þá síðan á vinnustofunni eftir ljósmyndinni, heldur fari hún og skoði viðkomandi hlut og máli hann síðan eftir minni á vinnustofunni. Orðið „minningar“ í heiti sýningarinnar geti því einnig tengst þessum sið sínum.

Þessi niðurhlutum einnar myndar í fjórar á sér upphaf í verkinu „Ey“. Louise setti tilraunastriga, sem hún hafði notað í mörg ár, málað á og skrapað ótal sinnum, á víðarplötu. Striginn líktist einna helst fornu landakorti og henni datt í hug að skera myndir af skrifnum verum út í

jaðarinn á víðarplötunni. Hugmyndina fékk hún frá kortum landkönnuða af lítt könnuðum svæðum, sem gjarnan voru skreytt með myndum af dýrum og óvættum sem þeir héldu að kynnu að halda þar til. Þessu verki, sem hún kallaði „Ey“ eða „Island“, skipti hún síðan upp í fjóra hluta. Þegar hún var búin að því, sá hún að hver hluti var áhugaverður í sjálfum sér, myndaði eina sjálfstæða heild þrátt fyrir að vera aðeins hluti af stærrri heild. Nú mynda hinir fjórir hlutar, hver aðeins rammaður inn á tvo vegu, eitt verk. Louise segir að verkið „Ey“ sé skilgetið afkvæmi eldri myndaraðar eftir sig, sem hét „Legend“ eða „Skýring“, en það voru myndir sem litu allar út fyrir að vera neðra hornið hægra megin á miklu stærra verki. Nafnið „Legend“ vísar til skýringartexta, sem oft er t.d. að finna í einu horni póstkorts og felur í sér lykilmál að myndinni á kortinu, en einnig til þjóð- og goðsagna.

Ísland læðir sér inn

Myndirnar fjórar, sem Louise skapaði úr hverri hinna fimm eyja-

mynda, sem eru grunnurinn að „Minningu um Ey“, eru tengdar ákveðnu þema. Louise hafði það, sem einkennir eyjar almennt í huga þegar hún byrjaði á verkinu. „Upphaflega var ég að hugsa um eyjar og eyjamenningu og í upphafi var tilvísunin í eyjar mjög almennt. Flestar eyjar búa við fiskveiðimenningu, það liggur í eðli landgerðarinnar. Og annað sem er talsvert algengt fyrir eyglönd er sauðfénaður.“ Síðan leiddi hún hugann að því, hvernig tæknin í háþróaðra formi ýmissa hluta og verkfæra úr járni hefur áhrif á menninguna. „Þaðan í frá fór ég að verða óráðgjafi, en það sem gerðist var, að Ísland fór að læða sér inn í meira mæli.“ Í fjórðu og fimmtu myndröðinni hættir Louise að vera eins bundin af ákveðnu viðfangsefni í þemavali. Í fjórðu röðinni beinir hún sjónum sínum að ólíkum landslagsmyndum. Hér fara að koma fyrir myndir, sem hafa bæði beina og óbeina skírskotun til Íslands; á einni sést hluti af Hallgrímskirkju, á annarri hluti af torfbæ. Vírgirðing, sem skilur að tún og haga, minnir óneitanlega á íslenska sveit. Í fimmtu og síðustu myndröðinni er þemað tákn ýmiss konar. Einnig þar er skírskotunin til Íslands greinileg en einnig óbein. Á einni myndinni er örlitil eftirmynd af torfbæ skorin út, sem líkist líkani af torfbæ, eins og svo margir hafa í garðinum hjá sér. Á annarri er DNA-keðja, sem að sögn Louise getur t.d. vísað til þeirrar skrásetningar á erfðamengi þjóðarinnar, sem stendur yfir, eða til þess að íslenska þjóðin tilheyrir eltölulega lokuðu genamengi. Dularfull tákn á einni myndinni líkja helst egyptsku myndletri en eru það ekki. Þau eru ekki heldur rúnir, virðast ekki geta tengst Íslandi á nokkurn hátt. En samt gera þau það. Þetta eru veðurtákn, sem bandarískir flugherinn notaði um það bil er varnarliðið nam land á Íslandi.

Þannig fer myndverkaröð, sem upphaflega átti að hafa eyjar almennt að viðfangsefni, smátt og smátt að fjalla sérstaklega um Ísland, þar sem rætur listamannsins liggja að hluta. Það er því vel við hæfi að ríkisstjórn Manitoba skyldi heiðra Íslendinga með því að gefa þeim einmitt þetta verk. Sýningin „Minningar um ey“ mun standa yfir á Kjarvalsstöðum til 9. september.

jonsigur@mbi.is

Frankvæmdastjóri
Kvikmyndasjóðs

Aukin ábyrgð

SAMPYKKT var á fundi stjórnar Kvikmyndasjóðs Íslands nýverið að Þorfinnur Ómarsson framkvæmdastjóri sjóðsins, tæki sæti í næstu úthlutunarnefnd sem tekur til starfa 1. október.

Verður þetta í fyrsta sinn sem framkvæmdastjóri sjóðsins situr í úthlutunarnefnd, en tveir aðrir fulltrúar verða skipaðir.



Þorfinnur Ómarsson

Morgunblaðið náði tali af Ara Kristinssyni sem situr í stjórn Kvikmyndasjóðs, og innti eftir ástæðum þessarar ákvörðunar. Sagði hann skipunina vera fyrsta skrefið í að laga úthlutunarferlið að þeim breytingum sem gert er ráð fyrir í frumvarpi að nýjum kvikmyndalögum sem nú liggur fyrir á Alþingi. Þá hefði á undanförunum árum komið fram aukin krafa um að aðili sem hefði víðtæka fagþekkingu á sviði kvikmyndamála sæti í úthlutunarnefndinni. „Á síðustu fjórum árum hefur það fé sem sjóðurinn hefur til umráða allt að því þrefaldast og er fjármögnunarumhverfið nú orðið mun flóknaara en áður. Í nýju lögum er gert ráð fyrir að raunveruleg ábyrgð á úthlutun liggja á framkvæmdastjóra, sem tryggir í raun að niðurstöður úthlutunarnefndar séu faglegar og að fagþekking hennar haldist frá ári til árs. Þorfinnur hefur mikla reynslu á þessu sviði og höfundur við ekki heyrt annað en almennt átt um þessa ráðstöfun innan kvikmyndageirans. Stjórnarmenn voru því sammála um að réttast væri að hefja aðlögun að breyttu fyrirkomulagi þegar í stað,“ segir Ari.

Þorfinnur Ómarsson segist fúslega hafa tekið sæti í nefndinni að tillögu stjórnarinnar. Hann minnir þó á að nýju kvikmyndalögin geri ráð fyrir skýrri reglugerð um tilhögun á störfum úthlutunarnefnda og kvikmyndarágjafa við veitingu fjárstuðnings úr Kvikmyndasjóði. „Einhverjir hafa kannski túlkað þessar breytingar sem svo að framkvæmdastjórnin verði einvaldur í úthlutunarmálum. En í frumvarpinu sem tekið verður fyrir á Alþingi í haust, er mælt fyrir um að mótað verði skýr reglugerð um starfssvið þeirra sem koma að úthlutuninni.“



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN**

ÓÐINSGÖTU 4. SÍMI 570 4500, FAX 570 4505. OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - Heimasíða: <http://www.fastmark.is/>
Jón Guðmundsson, sölustjóri, lögg. fasteigna- og skipasali.

Einbýlishús í Skorradalshreppi



Til sölu 119 fm timbureiningahús (heilsárshús) auk 42 fm riss og 35 fm bílskúrs í landi Grundar, Skorradal. Húsið sem skiptist í stofu, 3 svefnherb., eldhús, þvottaherb., baðherb., o.fl. afhendist frágengið að utan en tæplega tilb. til innrétta að innan en efni í milliveggi og innréttingar fylgja, óuppsett. Falleg staðsetning í kjarri vöxnu landi við Andakilsá. Nánari uppl. á skrifstofu. **Tilboð óskast.**

Með blaðinu í dag



**Blaðinu
í dag fylgir
24 síðna blaðauki,
Heimilið 2001**

Morgunblaðið